

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 145/1991. **Valdimar Jóhannesson**

(sjálfur)

gegn

**félagsmálaráðherra  
og fjármálaráðherra  
f.h. ríkissjóðs**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.).

Gjaldþrot. Ríkisábyrgð á launum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1991 að fengnu leyfi lögum samkvæmt 25. mars sama ár. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og viðurkennt, að honum beri greiðsla samkvæmt lögum nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum vegna ólögmætrar riftunar á vinnusamningi við gjaldþrot Goðgár hf. auk ógreidds orlofsfjár fyrir upphaf skipta tímabilið 1. júní 1988 til 31. ágúst 1988. Krefst hann í fyrsta lagi 676.190 króna með vöxtum eins og greinir í héraðsdómi. Í öðru lagi krefst hann 300.000 króna með dráttarvöxtum, sbr. nánar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 278/1989 4. júní 1991. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Þeir mótmæla því, að krafa áfrýjanda um greiðslu á 300.000 krónum komist að fyrir Hæstarétti, þar sem hún hafi ekki verið höfð uppi í héraði. Í öðru lagi sé þetta almenn krafa samkvæmt tilvitnuðum dómi Hæstaréttar og eigi þegar af þeirri ástæðu ekki undir ríkisábyrgð.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að áfrýjandi eigi ekki samkvæmt c-lið 5. gr. laga nr. 23/1985 rétt til greiðslu úr ríkissjóði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Reynir þá ekki á, hver eigi að vera fjárhæð stefnukröfu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.  
Málskostnaður fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. september 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 12. desember 1989, af Valdimar Jóhannessyni, Urriðakvísl 18, Reykjavík, kt. 280741-2489, gegn félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, kt. 041042-4869, og fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, Arnarhvoli, Reykjavík, kt. 140543-3229, fyrir hönd ríkissjóðs.

*Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Á hendur félagsmálaráðherra er gerð sú krafa, að felld verði úr gildi sú ákvörðun hans, dags. 25. janúar 1989, að neita að greiða stefnanda úr ríkissjóði skv. lögum nr. 23/1985 skaðabætur vegna ólögsmætrar riftunar á vinnusamningi við gjaldþrot Goðgár hf. auk ógreidds orlofs fyrir upphaf skipta á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. ágúst 1988.

Jafnframt er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða fjárkröfu stefnanda, að fjárhæð 676.190 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

*Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi ráðist framkvæmdastjóri til Goðgár hf. 30. maí 1988, en Goðgá hf. hafi gefið út hér í borg Helgarpóstinn. Við sig hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur, og hafi ráðning verið gerð til eins árs með gagnkvæmum sex mánaða uppsagnarfresti. Þegar stefnandi réðst til starfa, hafi ársreikningar árána 1986 og 1987 legið fyrir. Hafi þeir sýnt jákvæða eiginfjárstöðu. Að sögn þeirrar stjórnar, sem af störfum lét 30. maí 1988, hafði rekstur fyrirtækisins gengið betur fyrri part árs 1988 eftir nokkurn afturkipp árið 1987. Stefnandi hafði unnið gott starf við endurreisn Alþýðublaðsins, og hafi sér verið ætlað sama hlutverk á Helgarpóstinum. Reikningar félagsins hafi bent til, að það mætti takast með markvissum og réttum vinnubrögðum.

Þegar eftir að stefnandi hóf störf, hafi verið lagt út í gerð milliuppgjörs vegna tímabilsins 1. janúar 1988 og fram á mitt ár 1988. Hafi þá komið

í ljós, að eigið fé félagsins var neikvætt um rúmlega 14 milljónir. Skömmu síðar hafi sú ákvörðun verið tekin af stjórn félagsins eftir ráðleggingar endurskoðanda að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta, og hafi það verið gert 15. ágúst 1988.

Af hálfu búsins hafi ekki verið óskað eftir vinnuframlagi stefnanda á uppsagnarfresti og vinnusamningi þar með rift. Stefnandi hafi verið launþegi í þjónustu félagsins og hafi lýst skaðabótakröfu vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi og orlofskröfu 12. september 1988. Hinn 15. desember 1988 hafi krafa sín verið samþykkt að hálfu, þar sem uppsagnarfrestur þótti of langur. Sú afstaða hafi verið staðfest með úrskurði skiptaráðanda 11. maí 1989. Úrskurði þessum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 11. júlí 1989.

Hinn 17. nóvember 1988 hafi þáverandi lögmaður stefnanda óskað eftir greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði, og með bréfi, dags. 25. janúar 1989, hafi félagsmálaráðuneytið hafnað kröfu hans með vísan til 5. gr., c-liðar, laga nr. 23/1985. Ráðuneytið hafi ekki viljað breyta þeirri afstöðu sinni.

— — —

#### *Niðurstaða.*

Í 5. gr. laga nr. 23/1985 eru upp taldir þeir launþegar, sem geta ekki krafid ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a- til d-liðar 4. gr. sömu laga. Eru þar tilgreindir í c-lið greinarinnar „forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess, að þeim mátti ekki dyljast, að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma, sem unnið var fyrir vinnulaununum“.

Óumdeilt er, að með ráðningarsamningi, dags. 30. maí 1988, var stefnandi ráðinn framkvæmdastjóri Goðgár hf. Af hálfu stefnanda er því haldið fram og felst í málsástæðum hans, að c-liður áðurnefndrar 5. gr. eigi ekki við um stefnanda, þar sem hann hafi verið framkvæmdastjóri Goðgár hf., en ekki forstjóri, en þetta séu tvö aðskilin starfsheiti.

EKKI er fallist á það með stefnanda, að slíkur greinarmunur sé gerður á þessum tveimur orðum í mæltu máli, að líta verði svo á, að um tvö aðskilin starfsheiti sé að ræða og að starfsheitið framkvæmdastjóri geti ekki fallið undir starfsheitið forstjóri í skilningi áðurnefndrar greinar. Bæði þessi starfsheiti eru notuð um stjórnendur hlutafélags, og þegar litið er til athugasemda við c-lið 5. gr. frumvarps til laga um ríkisábyrgð á launum, sem síðar urðu lög nr. 23/1985, er ljóst, að markmið greinarinnar er það, að stjórnendur fyrirtækis útilokist frá ríkisábyrgð án tillits til starfsheitis þeirra.

Í 5. gr. ráðningarsamnings stefnanda við Goðgá hf. segir: „Valdimar er ábyrgur fyrir öllum rekstri Goðgár hf. og ber einn ábyrgð til stjórnar. Allir

aðrir starfsmenn bera ábyrgð til Valdimars, þar með talin ritstjórn.“ Af þessu má ráða, að stefnandi var stjórnandi félagsins, og þegar af þeim sökum getur hann ekki krafist ríkissjóð um greiðslu umstefndrar kröfu, sbr. c-lið 5. gr. laga nr. 23/1985. Ber því með vísan til framanritaðs að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu. Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

---